



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á úrræðum og umsóknum
um þjónustu til Barnaverndarstofu á
árunum 2018 - 2021

Febrúar 2022

Í þessari samantekt er að finna upplýsingar um úrræði og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á árunum 2018, 2019, 2020 og 2021 sem og upplýsingar frá Barnahúsi.

Umsóknum um meðferð fækkar, en fjöldi er svipaður og á árinu 2019

Umsóknir um meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu voru færri á árinu 2021 en árið á undan, eða 156 umsóknir á árinu 2021 en 168 á árinu 2020. Sé miðað við árin á undan má sjá að nokkrar sveiflur eru á umsóknum, en þær voru alls 174 árið 2018 og 154 árið 2019. Líkt og fyrri ár bárust flestar umsóknir vegna MST, eða 109 umsóknir. Er það heldur færri umsóknir en árið á undan þegar þær voru 118. Umsóknir um MST voru 116 á árinu 2018 og 105 á árinu 2019. Alls bárust 34 umsóknir vegna Stuðla á árinu 2021 jafn margar og árið 2020. Slíkar umsóknir voru 28 og 34 á árunum 2019 og 2018. Flestar umsóknir um meðferð bárust frá landsbyggðinni eða 40,4% og fleiri umsóknir um meðferð bárust vegna drengja en stúlkna, líkt og fyrri ár.

Beiðnum um tímabundið og varanlegt fóstur fækkar, en umsóknum um styrkt fóstur fjölgar

Beiðnir til Barnaverndarstofu um fósturheimili voru 135 á árinu 2021, færri en árið á undan þegar þær voru 165. Fjöldi beiðna um fóstur var 120 á árinu 2018 og 163 á árinu 2019. Líkt og fyrri ár voru flestar beiðnir vegna tímabundins fósturs, en slíkar beiðnir voru þó nokkuð færri en árin á undan, en jafn margar og árið 2018. Beiðnum um varanlegt fóstur fækkaði einnig, en eru þó fleiri en á árinu 2018. Umsóknum um styrkt fóstur fjölgaði á árinu 2021 og hefur farið fjölgandi frá árinu 2018. Fleiri beiðnir bárust vegna drengja en stúlkna á árinu 2021, og er það í takt við fyrri ár. Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar voru 46 á árinu 2021 og færri en árin á undan þegar þær voru 59. Fjöldi umsókna er svipaður og árið 2019 en árið 2018 bárust 72 umsóknir.

Mikil aukning í Barnahúsi

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum fjölgaði úr 334 á árinu 2020 í 423 á árinu 2021, en þau voru 236 og 257 á árunum 2018 og 2019.

Skýrslutökur fyrir dómi voru 278 á árinu 2021, 220 árið á undan, en 128 og 150 á árunum 2018 og 2019. Sú fjölgun sem má sjá á árinu 2021 má helst rekja til fjölgunar skýrslutaka vegna kynferðislegs ofbeldis. Könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir voru 145 á árinu 2021. Er það fleiri könnunarviðtöl en síðustu ár, en á árunum 2018-2020 voru könnunarviðtöl 107-114. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl á árinu 2021, líkt og fyrri ár.

Vistunum og vistunardögum fjölgar á Stuðlum, en einstaklingum fækkar milli ára


Vistunum á lokaðri deild á Stuðlum fjölgaði úr 152 í 167 á árinu 2021 miðað við árið á undan og vistunardögum fjölgaði úr 826 á árinu 2020 í 919 á árinu 2021. Er það heldur fleiri vistanir og vistunardagar en á árunum 2018 og 2019. Alls komu 67 börn á lokaða deild á árinu 2021, en þau voru 69 árið á undan.

Umsóknir um meðferð

Hér á eftir má finna fjölda umsókna um meðferðir hvers árs fyrir sig

Tegund meðferðar	2018		2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stuðlar	39	22,4	28	18,2	34	20,2	34	21,8
Önnur meðferðarheimili ¹	19	10,9	21	13,6	16	9,5	13	8,3
MST	116	66,7	105	68,2	118	70,2	109	69,9
Alls	174	100,0	154	100,0	168	100,0	156	100,0

¹Lækjarbakki og Laugaland. Rekstaraðili Laugalands sagði upp samningi og var heimilinu lokað þann 31. júní 2021.



Á árinu 2021 bárust 34 umsóknir vegna meðferðardeildar Stuðla, sami fjöldi og árið á undan. Á árinu 2021 bárust 13 umsóknir vegna annarra meðferðarheimila og hefur umsóknum fækkað frá árinu 2018. Þá bárust 109 umsóknir vegna MST á árinu 2021 og eru það heldur færri umsóknir en bárust árið á undan.

Umsóknir um meðferð eftir landsvæði

Landsvæði	2018		2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	57	32,8	58	37,7	60	35,7	42	26,9
Nágrenni Reykjavíkur ¹	54	31,0	40	26,0	40	23,8	51	32,7
Landsbyggð	63	36,2	56	36,4	68	40,5	63	40,4
Alls	174	100,0	154	100,0	168	100,0	156	100,0

¹ Nágrenni Reykjavíkur eru sveitarfélögin: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur

Umsóknir um meðferð eftir kyni barns

Kyn barna	2018		2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	107	61,5	97	63,0	99	58,9	83	53,2
Stúlkur	67	38,5	57	37,0	69	41,1	72	46,2
Annað ¹	-	-	-	-	-	-	1	0,6
Alls	174	100,0	154	100,0	168	100,0	156	100,0


¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

Á árinu 2021 bárust flestar umsóknir frá nefndum á landsbyggð, eða 40,4% allra umsókna. Yfir helmingur þeirra umsókna sem bárust Barnaverndarstofu á árinu 2021 vegna meðferðarúrræða, voru vegna drengja, sem er í takt við fyrri ár.

Beiðnir um fósturheimili

Hér á eftir má finna fjölda beiðna um fósturheimili eftir tegund fósturs hvers árs fyrir sig

Tegund fósturs	2018		2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Tímabundið	67	55,8	98	60,1	95	57,6	67	49,6
Varanlegt	28	23,3	33	20,3	41	24,8	30	22,2
Styrkt	25	20,8	32	19,6	29	17,6	38	28,2
Alls	120	100,0	163	100,0	165	100,0	135	100,0



Beiðnir um fósturheimili voru heldur færri á árinu 2021 en þær voru á árunum 2020 og 2019. Beiðnir á árinu 2021 eru þó fleiri en á árinu 2018 þegar þær voru 120.

Flestar beiðnir voru vegna tímabundins fósturs, sem þó voru færri en árin tvö á undan. Á árinu 2021 bárust 67 umsóknir vegna tímabundins fósturs, samanborið við 95 og 98 umsóknir á árunum 2020 og 2019.

Á árinu 2021 bárust 30 umsóknir vegna varanlegs fósturs sem eru færri en árið á undan, en svipaður fjöldi og á og árunum 2018 og 2019 þegar það bárust 28 og 33 beiðir.

Umsóknum um styrkt fóstur fjölga, en þær voru 38 á árinu 2021 samanborið við 29 árið á undan. Umsóknir voru 32 árið 2019 og 25 árið 2018.

Beiðnir um fósturheimili eftir landsvæði

Landsvæði	2018		2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	36	30,0	63	38,7	63	38,2	38	28,2
Nágrenni Reykjavíkur ¹	37	30,8	47	28,8	45	27,3	40	29,6
Landsbyggð	47	39,2	53	32,5	57	34,5	57	42,2
Alls	120	100,0	163	100,0	165	100,0	135	100,0

¹Nágrenni Reykjavíkur eru sveitarfélögin: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur

Beiðnir um fósturheimili eftir kyni barns

Kyn barna	2018		2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	64	53,3	82	50,3	78	47,3	71	52,6
Stúlkur	56	46,7	81	49,7	86	52,1	64	47,4
Ekki vitað ¹	-	-	-	-	1	0,6	-	-
Alls	120	100,0	163	100,0	165	100,0	135	100,0

¹Umsókn getur borist vegna ófæddis barns hvers kyn er ekki vitað.

Flestar beiðnir um fósturheimili á árinu 2021 voru vegna barna sem bjuggu á landsbyggðinni, eða 42,2% allra umsókna. Er það hærra hlutfall en síðastliðin ár. Beiðnir um fósturheimili fyrir drengi voru fleiri en beiðnir fyrir stúlkur, líkt og undanfarin ár.


Þjónusta í Barnahúsi

Hér á eftir má finna tölur um þjónustu sem Barnahús veitti á árunum 2018 til 2021

Þjónusta í Barnahúsi

	2018	2019	2020	2021
Rannsóknarviðtöl	236	257	334	423
a. Skýrslutökur ¹	128	150	220	278
<i>Vegna kynferðislegs ofbeldis</i>	85	105	115	167
<i>Vegna líkamlegs- og heimilisofbeldis</i>	43	45	105	111
b. Könnunarviðtöl	108	107	114	145
<i>Þar af fylgdarlaus börn</i>	3	6	5	2
<i>Þar af hælisleitandi börn í fylgd forsjáraðila</i>	0	2	0	0
Greiningar- og meðferðarviðtöl	108	107	133	139
Læknisskoðanir	12	5	0	7

¹ Til viðbótar nýtti lögreglan aðstöðu Barnahúss í einu tilviki á árinu 2018, í tveimur tilvikum á árinu 2019, í sex tilvikum á árinu 2020 og í ellefu tilvikum á árinu 2021.



Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum fjölgaði úr 334 á árinu 2020 í 423 á árinu 2021, en þau voru 236 og 257 á árunum 2018 og 2019.

Strax á fyrstu mánuðum ársins 2021 mátti greina mikla aukningu skýrslutaka í Barnahúsi, sé miðað við árin á undan. Þegar árið 2021 er skoðað þá voru skýrslutökur samtals 278 en það eru 26,4% fleiri skýrslutökur en árið 2020. Flestar skýrslutökur vörðuðu kynferðislegt ofbeldi, eða 60,1% allra skýrslutaka. Þá voru skýrslutökur vegna kynferðisofbeldis 45,2% fleiri á árinu 2021 en árið á undan. Skýrslutökur á árinu 2021 er vörðuðu líkamlegt- og heimilisofbeldi voru 111, sem er svipaður fjöldi skýrslutaka og á árinu 2020 en vert er að taka fram að árið 2020 voru óvenju margar skýrslutökur vegna líkamlegs ofbeldis, miðað við árin á undan.

Könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir voru 145 á árinu 2021, en 114 árið á undan sem er rúmlega 27% fjölgun milli ára.

Beiðni um þjónustu í Barnahúsi eftir kyni barns

Kyn barna ¹	2018		2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	100	42,4	81	31,5	124	37,1	130	30,7
Stúlkur	136	57,6	176	68,5	210	62,9	292	69,0
Annað ²	-	-	-	-	-	-	1	0,2
Alls	236	100,0	257	100,0	334	100,0	423	100,0

¹Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

²Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv. lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019.

Fleiri stúlkur en drengir sóttu þjónustu á árinu 2021 og er það í takt við kynjaskiptingu síðustu ára.

Lokuð deild á Stuðlum

Hér á eftir má finna fjölda upplýsingar um fjölda barna, vistana og vistunardaga á lokaðri deild Stuðla á árunum 2018 til 2021.

Lokuð deild á Stuðlum	2018	2019	2020	2021
Fjöldi vistana	226	220	152	167
Vistunardagar: 25. eða 31. gr. bvl.	1.180	1.157	754	884
Vistunardagar: Vistun á viðeigandi stofnun skv. 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008	0	0	72	35
Fjöldi einstaklinga	83	82	69	67

Kyn barna sem voru á lokaðri deild Stuðla

Kyn barna	2018		2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	49	59,0	51	62,2	50	72,5	48	71,6
Stúlkur	34	41,0	31	37,8	19	27,5	19	28,4
Alls	83	100,0	82	100,0	69	100,0	67	100,0

Fjöldi vistana á lokaðri deild Stuðla voru 167 á árinu 2021, en það eru aðeins fleiri vistanir en árið 2020. Sé miðað við árin 2018 og 2019 fækkar vistunum. Vistunardagar voru alls 919 á árinu 2021. Fjöldi barna á lokaðri deild Stuðla á árinu 2021 voru 67 börn, og þar af voru drengir í meirihluta.

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hér á eftir má finna fjölda umsókna um leyfi til að gerast fósturforeldrar á árunum 2018 til 2021.

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknirnar	2018		2019		2020		2021	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni ¹	39	54,2	28	59,6	22	37,3	24	52,2
Vesturland	8	11,1	3	6,4	3	5,1	2	4,3
Vestfirðir	2	2,8	1	2,1	2	3,4	4	8,7
Norðurland	6	8,3	6	12,8	10	16,9	5	10,9
Austurland	6	8,3	1	2,1	3	5,1	1	2,2
Suðurland	9	12,5	4	8,5	11	18,6	7	15,2
Reykjanes	2	2,8	4	8,5	7	11,9	3	6,5
Fólk búsett erlendis	0	0,0	0	0,0	1	1,7	0	0,0
Samtals	72	100,0	47	100,0	59	100,0	46	100,0

¹ Nágrenni Reykjavíkur eru sveitarfélögin: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar voru 46 á árinu 2021, einni færri en á árinu 2019, en heldur færri en árin 2018 og 2020.